

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3446

<b>Rekstraraðili</b> Colas Ísland ehf. kt: 4201871499	<b>Tegund starfsemi</b> Olíubirgðastöð	<b>Starfsleyfisnúmer:</b>  <b>Gildistími starfsleyfis</b> 10. mars 2038
<b>Starfsstöð</b> Hafnarfjörður	<b>Tegund eftirlits</b> Reglubundið eftirlit	<b>Dagsetning eftirlits</b> 9. júní 2026
<b>Starfstöðvarnúmer:</b> 216	<b>Eftirlitsmaður</b> Kristín Kröyer	<b>Útgáfudagur skýrslu</b> 1. júlí 2026

## Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Björk Úlfrasdóttir	Sviðsstjóri

## Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram fimm ný frávik er varða lykt, varúðarráðstafanir og mengunarmælingar.

## Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram í bikstöð Colas í Hafnafirði þann 9. júní 2026.

### Niðurstöður síðasta eftirlits

Frávik var opið frá 2025 vegna gr. 3.5 í starfsleyfi. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Skiljan hefur verið tæmd eftir þörfum og mælingar gerðar, en virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin skv. þessu ákvæði. Í eftirlitinu 2026 kom fram að verkferill er til staðar að yfirfara olíuskiljuna á 6 mánaða fresti og var skiljan síðast tæmd í desember 2025.

### Fráviki lokað.

Rekstraraðila var í eftirlitinu 2025 bent á að framkvæma þarf mælingu á VOC efnum árið 2026. Í eftirlitinu 2026 kom fram að sýnataka mun fara fram á árinu 2026.

## Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðili fékk með boðun eftirlitsins sendar upplýsingar um áherslu stofnunarinnar á olíuskiljur.

## Lyktarmengun

Í eftirlitinu var rætt um kvartanir vegna ólyktar sem borist hafa stofnuninni undanfarið og stofnunin staðfesti með vettvangsheimsókn þann 24. apríl 2026. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er bikið sem er í stöðinni óvenju lyktarsterkt sem er **frávik**. Rekstraraðili fór yfir þær aðgerðir sem verið er að vinna í til að koma í veg fyrir lyktaráhrif frá starfseminni. Verið er að kanna físcaleika mismunandi hreinsunartækni. Rekstraraðili er í samvinnu við sérfræðinga frá Frakklandi, Noregi og Írlandi til að finna lausn sem kemur í veg fyrir lykt frá starfseminni.

## Olíuskilja

Á svæðinu eru þrjár olíuskiljur. Gamla skiljan tekur við yfirborðsvatni frá 2.123m<sup>2</sup> svæði og er með nafnstærð 9,4 l/s. Samkvæmt útreikningum stofnunarinnar þarf skilju með nafnstærð 18,2 til að anna afrennsli frá þessu svæði og er það því **frávik**. Hinar tvær olíuskiljurnar BR1 og BR2 taka hvor um sig við yfirborðsvatni frá 2.000 m<sup>2</sup> svæði með nafnstærð 17 l/s. Á skiljunum er ekki sjálfvirkur viðvörunarbúnaður sem er **frávik**. Olíuskilja sem tekur við afrennsli úr olíuþró skal búa í lokunarbúnaði. Í eftirlitinu kom fram að lokunarbúnaðurinn er bilaður og fastur í lokaðri stöðu. Allar losanir úr þrónni eru því framkvæmdar handvirkt. Sýni var tekið úr frárennsli frá olíuskilju í október 2023 og aftur í byrjun núní 2026. Niðurstöður úr sýnatökunni 2026 hafa ekki borist stofnuninni.

## Þrýstimælingar

Þann 6. júní 2024 féllst Umhverfis- og orkustofnun á ósk rekstraraðila um breytingu á þrýstiprófun biklagna þar sem síriti tengdur viðvörunarbúnaði væri á afgreiðslulögn nr. 1 og löndunarlögn fyrir bik. Í eftirlitinu 2026 kom fram að téður síriti væri ekki á sjálfum lögnunum heldur á hitalögn tengdum biklögnunum og því fær stofnunin ekki séð að hægt sé að fallast á þessa breytingu á þrýstiprófun þar sem vöktunin fer ekki fram á þeim lögnum sem skal þrýstiprófa skv. Reglugerð 884/2017 um olíumengun frá starfsemi á landi. Þar sem engin síritun né þrýstiprófun hefur farið fram á löndunarlögnum og niðurgrofnunum lögnum síðustu 5 árin er um **frávik** að ræða.

## Þykktarmælingar

Farið var yfir hvaða geymar eru á stöðinni. Átta geymar voru þykktarmældir árið 2022. Þar að auki eru í stöðinni fjórir nýjir geymar fyrir lífolíu. Ekki er gerð krafa um að þeir séu þykktarmældir fyrr en 10 árum eftir byggingu þeirra.

## Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði gildu tryggingaskírteini í eftirlitinu.

## Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili sendi inn umhverfisupplýsingar þann 27. apríl 2026. Ekki voru gerðar athugasemdir við innihald þeirra.

### Kvartanir

Rekstraraðili var upplýstur um að Umhverfis- og orkustofnun hafi á undanförunum mánuðum borist umtalsvert af kvörtunum vegna lyktar tengdri starfsemi.

### Vettvangsferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Á lóðinni er talsvert magn af bömbum sem fylltir eru með annars vegar lífolíu og hins vegar bikþeytu auk 6 olíutunna með óþekktu innihaldi. Einnig voru tveir bambar fullir af 30% saltsýru. Rekstraraðili hefur komið fyrir hjá sumum bömbunum litlum steiptum búkkum sem árekstrarvarnir en að mati stofnunarinnar eru varnirnar ekki nægjanlegar með tilliti til umferðar stórra ökutækja á svæðinu. Hjá hluta bambanna og olíutunnanna eru engar árekstrarvarnir sem er **frávik**.

### Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.8 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 9. júní 2026  Rekstraraðili skal sjá til þess að lyktarsterkt hráefni sé ekki geymt í stöðinni.  <i>Lyktarmengun berst frá stöðinni.</i>	Opið
4. mgr. 15. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 9. júní 2026  Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar,  <i>Olíuskilja rekstraraðila er að nafnstærð 9,4 l/s. Samkvæmt utreikningi miðað við forsendur rekstraraðila ætti skiljan að lágmarki að vera að nafnstærð 18,2 l/s.</i>	Opið
2. mgr. 15. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 9. júní 2026  Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar,  <i>Olíuskiljur eru ekki búnir viðvörunarbúnaði.</i>	Opið

gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 9. júní 2026 Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir <i>Lengra en 5 ár eru frá síðustu þrýstiprófun á löndunarlögnm og niðurgröfnum lögnum í stöðinni.</i>	Opið
2. mgr. 43. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 9. júní 2026 Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hættá sé á að þessi efni berist út í umhverfið. <i>Á svæðinu er umtalsvert magn af efnum geymdum í bömbum sem eru með ófullnægjandi árekstrarvarnir.</i>	Opið

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.